

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2018

2020/EES/71/14

frá 31. maí 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/394 frá 13. mars 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 um að fella brott flugrekstrarkröfur fyrir loftbelgi ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66nf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012):

„– **32018 R 0394**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/394 frá 13. mars 2018 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 1).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 66nj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/340):

„66nk. **32018 R 0395**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. L 71, 14.3. 2018, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/394 og (ESB) 2018/395, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.